




Afmörkun skipulagssvæðis 5,7 ha
Loftmynd: Loftmyndir ehf

10 50 100 m




VIÐFANGSEFNI OG FORSENDUR

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Lýsingin gerir grein fyrir vinnu við gerð deiliskipulags tjaldsvæðis á Sauðárkróki og í henni koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin er upphaf skipulagsvinnunnar og með kynningu á henni gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Skipulagssvæðið er milli Sæmundarhlíðar og Sauðár og er 5,7 hektarar að stærð. Stutt er frá skipulagssvæðinu að sundlaug, fjölbreyttum íþróttasvæðum og í miðbæ Sauðárkróks eftir göngustígum. Markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnu um umgjörð og skipulag fyrir nýtt tjaldsvæði en fyrirhugað er að núverandi tjaldsvæði á Flæðum víki vegna fyrirhugaðs menningarhúss. Helstu viðfangsefni verða eftirfarandi:

- Aðkoma, gönguleiðir og bílastæði
- Umgjörð leik- og dvalarsvæða
- Skipulag tjaldsvæðis með góðri aðstöðu fyrir húsbíla, ferðavagna og tjöld
- Skilgreining á byggingarreit fyrir þjónustuhús

Svæðið er á landnotkunarreit AF-402 í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035. Samkvæmt skilmálum aðalskipulagsins er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir húsbíla og hjólhýsi. Á svæðinu er heimilt að byggja mannvirki sem tengjast útivist og afþreyingu. Með uppbyggingu á tjaldsvæði verður aðstaða fyrir ferðamenn á Sauðárkróki styrkt sem styður við þá stefnu að gera sveitarfélagið að áfangastað ferðamanna. Umhverfis skipulagssvæðið er útivistarsvæði OP404 með gönguleiðum í Sauðárgili. Lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu opinna svæða með það að markmiði að svæðin séu nýtsamleg til leikjajöðunar og útivistar.



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 (þettbýlisuppráttur)

ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu verður ekki gert ráð fyrir matsskyldum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif stefnunnar á valda umhverfisþætti í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Ekki liggur fyrir minjaskráning á skipulagssvæðinu og er vísað til 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um ókunnar minjar.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst í staðarblaði, hún verður aðgengileg í ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og heimasíðu þess www.skagafjordur.is. Almenningsi er gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir um efni lýsingarinnar. Kynningartími og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingu. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar „Deiliskipulag Sauðárkrókskirkjugarðs“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koa fram. Þær skal senda á:

Sveitarfélagið Skagafjörður, skipulagsfulltrúi
Skagfirðingabraut 17-21
eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is

Leitað verður umsagna til eftirfarandi samráðs- og umsagnaraðila: Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðin, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Skagafjarðarveitur, Míla, Rarik.

Í framhaldi verður unnin tillaga að deiliskipulagi sem verður lögð fyrir skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn Skagafjarðar. Þá verður tillagan auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með sex vikna athugasemdafrest. Skipulags- og byggingarnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytingar á tillögunni skal hún auglýst að nýju annars er tillagan send til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykktu tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis er eftirfarandi:

Lýsing auglýst	Drög að deiliskipulagi kynnt	Tillaga auglýst	Gildistaka
Júní 2022	September 2022	Nóvember 2022	Árslok 2022